

Útinám í vettvangsferðum: Lýðræðisþátttaka barna í sínu nærsamfélagi

Lokaskýrsla um þróunarverkefni (2014)

Verkefnastjóri:

Inga María Ingvarsdóttir,
Ingibjörg Sif Stefánsdóttir,
Árdís Hrönn Jónsdóttir



Leikskólinn Tjarnarsel
Tjarnargötu 19, 230 Reykjanesbæ
Sími 420-3100
Netfang: tjarnarsel@tjarnarsel.is
www.tjarnarsel.is
Facebook: Leikskólinn Tjarnarsel

Nafn skóla: Leikskólinn Tjarnarsel

Nafn verkefnis: Útinám í vettvangsferðum: Lýðræðispáttaka barna í sínu nærsamfélagi

Nafn verkefnisstjóra: Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Meginmarkmið þróunarverkefnisins er annars vegar að mennta gagnrýna og ábyrga einstaklinga sem láta sig umhverfið varða og öðlist góða þekkingu á sínu nærsamfélagi. Hins vegar að gefa börnum tækifæri til að hafa áhrif og koma sjónarmiðum og hugmyndum sínum á framfæri um sitt nærsamfélag.

Undirmarkmiðin eru;

- að auka skilning starfsmanna og barna á hugtökunum sjálfbærni og lýðræði,
- að virða val og áhugamál barna og hlusta á skoðanir þeirra,
- að í vettvangsferðum verði lögð áhersla á tengsl nemenda við umhverfið, samskipti og samvinnu í gegnum upplifun, skoðun og samræður.
- að börn öðlist fjölbreytta reynslu í náttúru, samfélagi og menningu og efla orðaforða sinn og skilning í tengslum við þá þætti.
- að útbúa þemahefti með starfs- og kennsluleiðbeiningum um grenndar- og umhverfisfræðslu.
-

Fræðileg nálgun:

Starfs- og kennsluaðferðir í Tjarnarseli hafa frá 1996 einkennst af útinámi í vettvangsferðum og umhverfismennt. Unnið var þróunarverkefni á árunum 1997-1999 og gefin út *Handbók um vettvangsferðir* árið 2002. Skólinn er þátttakandi í verkefni Landverndar *Skóli á grænni grein* og fengið grænfánann í fjórgang. Á árunum 2008 til 2010 tók leikskólinn, ásamt fimm öðrum skólum, þátt í rannsóknar- og þróunarverkefninu *GETA – til sjálfbærni, menntun til aðgerða*, í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar. Síðan gaf leikskólinn út handbókina *Orðaspjall: að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*, árið 2013. Bókin byggir á aðferð sem var þróuð í Tjarnarseli.

Kennsluaðferðir Tjarnarsels byggjast meðal annars á aðferðarfræði Joseph Cornell (1989) sem byggir á markvissu útinámi í vettvangsferðum. Hann leggur áherslu á að

kennarinn sé meðvitaður um áhrif sín á andrúmsloftið og noti gleðigjafa í sínum kennsluaðferðum. Hann segir hlutverk kennara í námi barna tvíþætt. Annars vegar þarf hann að vera virkur þátttakandi án þess þó að vera í hlutverki stjórnanda. Hins vegar þarf kennarinn að geta tekið þátt og borið virðingu fyrir sjálfssprottum leik og námi barnsins og hafa að auki, líkt og börnin, gaman af því sem verið er að gera.

Markvisst er unnið að því að styrkja stoðir lýðræðissamfélags sem grundvallast á kenningum bandaríska heimspekingsins John Dewey. Kenningar hans um lýðræði fara vel saman við hugmyndir starfsmannahópsins um lýðsræði. Hann lagði ríka áherslu á að lýðræði í skólastarfi ætti að byggja á ákveðinni *samfélagsgerð* og *einstaklingseðli*. Hann sagði:

Hið lýðræðislega samfélag verður ekki að veruleika nema einstaklingarnir sem byggja það hafi ræktað með sér lýðræðislegt einstaklingseðli. Lýðræði í þessum skilningi, verður að birtast í ómeðvituðum viðbrögðum og viðhorfum ekki síður en í viðbrögðum sem eru meðvituð. Það þarf, ef svo má segja, að renna manni í merg og bein því annars getur það ekki verið ráðandi um það hvaða augum menn líta til samborgara sinna, hvernig menn nálgast aðra þegar leiðir skerast og hvernig menn bregðast við ágreiningi og breytileika (Vísindavefur, 2011).

Frávík miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið fór vel af stað haustið 2010. Það fór síðan í biðstöðu á meðan beðið var eftir nýrri aðalnámskrá þar sem lýðræði og sjálfbærni eru tveir af grunnþáttum menntunar í nýrri aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla. Einnig þurfti að taka mið af nýrri framtíðarsýn fræðsluviðs Reykjanesbæjar sem tók gildi um veturinn, árið 2011. Til að koma í veg fyrir tvíendurtekningu töldu stjórnendur og leikskólakennarar Tjarnarsels nauðsynlegt að taka mið af þessu tvennu í verkefnavinnunni. Einnig var horfið frá þeirri hugmynd að gefa út handbók, eins og kom fram í markmiðum verkefnisins. Í staðin verður gefið út þemahefti um alla grunnþættina, eins og lýðræði og sjálfbærni, með hugmyndum og leiðum til að vinna með hvern þátt fyrir sig, í leik og námi barna í leikskóla.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum

Í þróunarverkefninu *Útinám í vettvangsferðum: Lýðræðisþátttaka barna í sínu nærsamfélagi* var ekki vikið frá þeirri stefnu og sýn leikskólans að allt nám leikskólabarna geti farið fram jafnt innan sem utan dyra og nýta megi nærumhverfið og samfélagið til náms. Vettvangsferðir festa útivist og upplifun í sessi og notkun umhverfis og samfélags til leiks og náms. Ferðirnar skapa yfirsýn og þekkingu á breytingum í nánasta umhverfi leikskólans og eflir tengsl við stofnanir, stjórnendur þess, ýmsa samfélagshópa og einstaklinga. Einnig ýta vettvangsferðir undir samskipti og samstarf og upplifun barna í sínu nærsamfélagi.

Stýrihópur myndaður til að halda utan um verkefnið

Til að halda utan um verkefnið var myndaður stýrihópur með leikskólakennurum og leikskólaleiðbeinendum frá öllum deildum. Hópstjóri hans var, Ingibjörg Sif Stefánsdóttir og hélt hún utan um starf hópsins. Hlutverk stýrihópsins var að:

- skoða nám- og kennsluhætti inni á hverri deild, hvað er verið að gera og spyrja af hverju?
- koma með tillögur að umbótum sem taka mið af áhugasviði hvers aldurstigs fyrir sig sem þarf að fela í sér virðingu og umhyggju fyrir barninu.
- safna saman verkefnum sem taka mið af lýðræðislegri þátttöku barna (gömul og ný).
- sjá um fræðslu í leikskólanum, á skipulagsdegi og á sameiginlegu vefsvæði starfsfólks
- kynna sér hvernig aðrir leikskólar vinna með lýðræði

Haust- og vorönn, skólaáranna 2012 og 2013, notaði lýðræðishópurinn til að skoða, skrá og meta nám- og kennsluhætti hvernar deildar fyrir sig, sem eru fjórar.

Síðan skilgreindi hópurinn og mat, út frá þessum gögnum, hvar lýðræði birtist í náms- og kennsluháttum í Tjarnarseli. Einnig setti hann fram hugmyndir og leiðir sem eru nú aðgengilegar í þemahefti um lýðræði í leikskóla. Lýðræðishópurinn lagði líka áherslu á að leita uppi og kynna sér lesefni m.a. á netinu, er tengist lýðræðisþátttöku barna og koma því áleiðis til annarra kennara.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Eitt af markmiðum verkefnisins var að auka sérstaklega skilning starfsmanna og barna á hugtökunum sjálfbærni og lýðræði. Fljótlega kom í ljós að skilningur starfsmannahópsins á sjálfbærnishugtakinu var enn á reiki, þrátt fyrir þátttöku leikskólans í þróunarverkefni *GETA- menntun til sjálfbærni*. Að því sögðu þótti ástæða til að leggja það til hliðar tímabundið og einblína á lýðræðishugtakið. Þegar fór að síga á seinni hluta verkefnisins fór starfsmannahópurinn að fá tilfinningu fyrir órjúfanlegum tengslum á milli þessar tveggja grunnþátta í aðalnámskránni og hvernig þeir fléttast inn í náms- og kennsluhætti í Tjarnarseli. Einnig að finna þeim farveg í meginmarkmiði verkefnisins að mennta gagnrýna og ábyrga einstaklinga sem láta sig umhverfið varða og öðlist góða þekkingu á sínu nærsamfélagi.

Önnur hindrun kom í ljós þegar átti að meta árangur verkefnisins þar sem reyndist erfitt að finna matsaðferðir til að mæla aukin áhrif barna á nám- og kennsluhætti í leikskólanum.

Ávinningur og kynning á verkefnisins

Styrkveiting Sprotasjóðs til þróunarverkefnisins var hvatning fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk til að auka skilning sinn á hugtökunum lýðræði og sjálfbærni og að þróa nám barna með lýðræðislegri nálgun. Verkefnið gerði kröfur á starfsmannahópinn að fara í þá vinnu að endurmeta starfs- og kennsluhætti, siði og menningu í leikskólanum út frá þessum tveimur grunnþáttum. Einnig hafa komið fram fjölmargar hugmyndir og leiðir til að flétta lýðræði og sjálfbærni inn í daglegar athafnir, leik og nám í leikskólanum .

Óvæntasti ávinningur þessa þróunarverkefnis var, er verkefni spratt upp úr farvegi þess, sem fékk heitið *Áskorun og ævintýri: Útinám og fjölnotagarður* og hófst formlega árið 2013. Markmið þess er annars vegar að umbylta og þróa náttúrulegt útisvæði leikskólans og nota sem mest endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið með sjálfbærni að leiðarljósi og hins vegar að innleiða starfsaðferðir sem byggja á grunnþáttum menntunar. Þróunarverkefnið er unnið í samvinnu barna, kennara, foreldra, fræðslu-, umhverfis- og skipulagssviða Reykjanesbæjar og SAGE gardens sf. sem George Hollander og Sarka Mrnakova stýra. Þróunarverkefninu er ætlað að

skilja eftir verkþekkingu og ábyrgðartilfinningu þátttakenda fyrir náttúru og umhverfi (tjarnarsel.is).

Verkefnið var kynnt á sameiginlegu málþingi Skólaþróunarfélags Íslands og Sprotasjóðs, veturinn 2012. Það verður hægt að nálgast glærupakkann á vefsíðu leikskólans sem er í endurnýjun lífdaga og lýkur vonandi í fyrir vorið (2014). Einnig hafa leikskólar heimsótt Tjarnarsels og fengið kynningu á því hvernig við erum að vinna með þessa þætti. Síðan birtist grein eftir höfund þessarar skýrslu í tímaritinu *Uppeldi og menntun* (2013; bls 125-130) sem fékk heitið *Sjálfbærnimenntun í leikskóla*. Þetta er viðhorfsgrein um þemaheftið *Sjálfbærni* sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun gáfu út til þess að fylgja eftir grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Mat og niðurstöður

Margar leiðir voru farnar til að meta árangur verkefnisins. Spurningalistar voru lagðir fyrir starfsfólkið til að fá fram hugmyndir og skilning þeirra á orðinu lýðræði. Síðan notaði stýrihópurinn þrjú þættar athuganir, skriflegar skráningar og ljósmynda- og myndbandsupptökur til að skoða hvort, hvar og hvernig lýðræðið birtist í starfsháttum deildanna. Gæðaviðmið SEED (e. School Development through Environmental Education) voru nýttar til að meta hvort leiðirnar og verkefnið, endurspegluðu markmið þróunarverkefnisins.

Mat á lýðræðishugtakinu

Eins og kom fram í upphafi skýrslunnar var lögð megin áhersla á lýðræðið. Hópurinn gaf sér góðan tíma til að ræða sig niður á sameiginlega merkingu og skilning á hugtakinu sem var afar mikilvægt fyrir framhaldið. Haustið 2010 voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir starfsfólkið til að kanna hvaða merkingu það legði í hugtakið lýðræði.

- Hvaða merkingu leggur þú í hugtakið lýðræði?
- Hvað þarf til að vera góður kennari í lýðræðissamfélagi?
- Hvernig þróum og stuðlum við að betra samfélagi í Tjarnarseli?
- Hvernig verðum við betri borgarar?

Starfsfólkið komst m.a. að þeirri niðurstöðu að ef börnin ættu að geta tileinkað sér lýðræðislega hegðun væri best að **læra það í lýðræðislegu samfélagi** sem byggðist

á góðum fyrirmyndum og þar væru stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk í lykilhlutverki. Einnig að lýðræðisumbætur yrðu að fela í sér virðingu og umhyggju fyrir barninu.

Niðurstöður könnunarinnar voru síðan kynntar og ræddar í byrjun árs 2011. Í framhaldi af því var önnur könnun lögð fyrir starfsmannahópinn og hann beðinn um að hugleiða hvað fælist í því að vera góð fyrirmynd.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir hópinn:

- Hvernig fyrirmyndir erum við í leikskólanum?
 - Birtingarmynd hennar
- Hvað má fara betur hjá mér/okkur?
- Hvernig fyrirmynd vilt þú vera?

Eins og gefur að skilja voru niðurstöðurnar mjög persónubundnar en megin niðurstaðan var sú að við værum að standa okkur ágætlega á ýmsum sviðum og mættum bæta okkur í öðrum, sérstaklega hvað varðar aðkomu barna og foreldra að ákvörðunum um starfsemi leikskólans. Þegar þessum hluta verkefnisins var lokið voru okkur allir vegir færir að fara að skoða hvort/hvernig lýðræðið birtist í skólastarfinu og meta hvar við værum að standa okkur og hvar þyrfti að bæta í.

Eins og kom fram í kaflanum hér á undan var ákveðið, snemma árs 2011, að taka hlé á verkefnavinnunni á meðan beðið var eftir nýrri aðalnámskrá frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Síðan hófst vinna aftur þar sem frá var horfið, árið 2012.

Mat á starf- og kennsluháttum í leikskólanum

Haust- og vorönn, skólaársins 2012 – 2013, notaði stýrihópurinn til að skoða og skrá það sem fyrir augu bar á leik- og athafnasvæðum barnanna, eins og *útisvæði*, *fataklefa*, *matmálstíma*, *leik-* og *valtíma* og í *vettvangsferðum*. Síðan greindi hópurinn nám- og kennsluhætti með tilliti til lýðræðislegrar nálgunar. Niðurstöður hópsins voru kynntar fyrir starfsmannahópnum á skipulagsdegi leikskólans, árið 2012. Skýrslan var látin liggja inni í undirbúningsherbergi kennarar þar sem þeir gátu komið með athugasemdir og eða bætt upplýsingum í hana. Í framhaldi af þessari vinnu kom stýrihópurinn í samstarfi við kennaranna með tillögur að umbótum og leiðum til að auka lýðræðisþátttöku og aðkomu barna að ýmsum ákvörðunum í leikskólanum. Síðan unnu kennararnir áfram með tillögurnar, fyrir hvert aldurstig fyrir sig.

Hér á eftir koma nokkur dæmi um verkefni sem unnin voru í samvinnu við börnin, kennarana og nánasta umhverfi leikskólans sem voru síðan metin út frá SEED gæðaviðmiðinu.

Flokkun og gæðaviðmið (SEED)

SEED skiptist upp í þrjá megin flokka sem skiptist í **viðmið um gæði og kennslu**, **viðmið um skólann sem stofnun** og **viðmið um samskipti skólans út á við**. Síðan skiptist flokkarnir upp í nokkra þætti.

Gæði kennslu og náms		Gæði skipulags skóla	Gæði tengsla út á við
1. Viðmið um aðgang að kennslu og námi	6. Viðmið um gildismat og þroska	10. Viðmið um stefnu skóla í menntun fyrir sjálfbæra þróun	14. Viðmið um samstarf við grenndar-samfélagið
2. Viðmið um breytingar á skóla og nemenda	7. Viðmið um aðgerðir og virkni	11. Viðmið um skólabrag	15. Viðmið um netsamstarf og þátttöku
3. Viðmið um grenndar-samfélags	8. Viðmið um þátttöku og lýðræði	12. Viðmið um stjórnun skóla	
4. Viðmið um framfarir- móguleika	9. Viðmið um faglegt inntak	13. Viðmið um ígrundun og mat á menntun til sjálfbærrar þróunar	
5. Viðmið um menningu hins flókna			
5. Viðmið um gagnrýna hugsun og tungumál móguleikanna			

(Stefán Bergman (þýddi). (2005). GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða. *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærrar þróunar. Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar þróunar.* (bls. 10-11).

Skilningar SEED er sá að umhverfismennt og menntun til sjálfbærrar þróunar séu kennsla og nám sem miða að því að styrkja lýðræðislega þátttöku nemenda sem virkja borgara til að vinna að breytingum í félags- og umhverfismálum. Það er Evrópusambandsverkefni COMENIUSARIII sem leggur til SEED

gæðaviðmiðunarkerfið fyrir skóla sem eru að þróa menntun til sjálfbærni og annað starf innan skólans.

Mat á verkefninu í heild sinni:

Í verkefninu *Útinám í Vettvangsferðum: Lýðræðisþátttaka barna í sínu nærsamfélagi* var lögð áhersla á að börnin upplifðu lýðræði og sjálfbærni með því að gefa þeim tækifæri og reynslu af að koma hugðarefnum sínum á framfæri og hafa áhrif umhverfi sitt. Haft var að leiðarljósi að börnin upplifðu að á þau væri hlustað, að skoðanir þeirra skiptu máli og að þau séu samfélaginu mikilvæg.

Mat: Samkvæmt SEED gæðaviðmiðunarkerfinu tengist þróunarverkefnið í heild sinn viðmiði um sýnilegar breytingar á skóla- og grenndarsamfélagi (2) með jákvæðum samskiptum og virkri lýðræðis þátttöku í sínu nærsamfélagi. Verkefnið fellur undir viðmið um skólastefnu um menntun til sjálfbærrar þróunar (10) þar sem kennarar eru hvattir til að nota hugmyndir og sýn sína á framtíðina, til að skipuleggja vinnu sína með menntun til sjálfbærrar þróunar til lengri tíma. Verkefnið tengist viðmiði um þátttöku og lýðræði með áherslu sinni á samfélag og umhverfi (8). Jafnframt tengist það viðmiði um jákvæðan skólabrag (11).

Hér á eftir koma nokkur dæmi um einstök verkefni sem unnin voru í samvinnu barna og kennara í Tjarnarseli og hvernig þau eru flokkuð og metin samkvæmt ofangreindum viðmiðum (sjá töflu).

Dæmi I: *Virk hlustun og samræður: Val – kosning - meirihluti*

Áður en farið var í vettvangsferðir fóru fram umræður um áfangastaði.

Barnahópurinn kom með hugmyndir og síðan var gjarnan kosið um hvert skyldi haldið. Til að gera valið myndrænt voru börnunum sýndar myndir af svæðunum sem þau gátu valið um. Ef að tvær hugmyndir koma fram var t.d. kosið um þær með einfaldri handauppréttingu. Þegar líða tók á verkefnið voru börnin farin að koma með tillögur um hvert skyldi haldið í ferðunum um bæinn.

Verkefnið tengist viðmiði um hvernig skólinn nálgast nám og kennslu (1) með samræðum og virkri hlustun á hugmyndir barnanna. Unnið er með viðmið um sýnilegar breytingar á skóla- og grenndarsamfélagi (2) með jákvæðum samskiptum.

Virk aðkoma barnanna að ákvörðunartöku um hvert skal haldið í vettvangsferðum er viðmið sem fellur vel undir lýðræðislega þátttöku barna (8) og aðgerðamiðaða kennslu (7) þar sem hugmyndir barna er gert hátt undir höfði. Með lýðræðislegu skipulagi, samstarfi og markvissri útivist og námi, tengist verkefnið viðmiðum um jákvæðan skólabrag (11).

Dæmi II. Vekja hundaeigendur til ábyrgðar

Börn í Tjarnarseli hafa í gegnum árin furðað sig á því hvað margir hundaeigendur þrifa ekki upp saur eftir hundana sína. Oftar en ekki hafa þau, í vettvangsferðum sínum um bæjarfélagið sitt, þurft að sveigja fram hjá hundaskít eða einhver stígur ofan á hann. Elstu börnin í leikskólanum ásamt kennurum sínum fóru í það verkefni að koma ábendingu til hundaeigenda varðandi hundskít á gangstígum bæjarins. Eftir miklar umræður og vangaveltur ákvað hópur elstu barnanna að teikna myndir og skrifa texta með aðstoð kennara sinna, með ráðleggingum til hundaeigenda. Ráð barnanna voru eftirfarandi:

- Þú sem átt hund, muna að þrifa eftir hann.
- Þú þarft að taka með þér poka.
- Þrifa upp kúkinn.
- Burt með hundaskít.
- Þetta gerir bæinn okkar ljótan.

Síðan gengu börnin í stofnanir og fyrirtæki bæjarfélagsins og fengu leyfi til að hengja þær upp. Undantekningalaust var vel tekið á móti þeim. Verkefnið var liður í að styrkja borgaravitund barnanna og aðstoða þau við að koma sjónarmiðum og athugasemdum sínum á framfæri um ýmislegt sem þeim fannst betur mætti fara í bæjarfélaginu.

Mat: Í vettvangsferðunum voru börnin hvött til að skoða umhverfið sitt út frá sjónarhóli gangandi vegfarenda og hundaeigenda. Börnin útfærðu hugmyndir sínar, hugðarefni og reynslu í raunverulegu verkefni og tengist það viðmiði um aðgerðamiðaða kennslu (1). Þessi þáttur tengist líka viðmiði um lýðræðislega þátttöku barnanna þar sem verkefnið gekk út á það að hafa áhrif á umhverfi sitt (8). Þau komu með ábendingar um leiðir sem tengjast vel viðmiðum um gagnrýna hugsun og tungumál möguleikanna (5). Einnig tengist þessi þáttur verkefnisins viðmiði um gæði á sviði breytinga á skóla- og grenndarsamfélagi (2). Börnin mótuðu sér framtíðarsýn um skyldur hundaeigenda. Þau veltu fyrir sér ýmsum leiðum til að koma

skilaboðum til þeirra með ábendingum og úrræðum sem tengist viðmiði um gildismat (6). Kennararnir nýttu vettvangsferðirnar fyrir raunhæfar aðgerðir. Börnin vissu að texta- og myndsköpun þeirra yrðu notaðar til að koma ábendingum áleiðis til hundaeigenda. Það tengist viðmiði um aðgerðamiðaða kennslu með umræðum og þátttöku í umhverfismálum (7). Verkefnið var sett fram í máli og myndum sem tengist vel viðmiði um faglegt inntak (9). Hugmyndavinna og úrræði barnanna hafði áhrif á tengsl milli barna, kennara og bæjarbúa og er það dæmi um viðmið um jákvæðan skólabrag (11). Leikskólinn nýtti vettvangsferðirnar um nánasta umhverfi skólans sem vettvang fyrir raunhæfar aðgerðir sem tengist vel viðmiði um samvinnu við grenndarsamfélagið (14).

Dæmi III: Borgaraleg samvinna

Í tilefni af Grænum apríl og Degi umhverfisins birtist fréttatilkynning í einu af bæjarblöðunum frá kennurum og börnum á næst elstu deild leikskólans með þessa hvatningu til bæjarbúa:

Í tilefni af Grænum apríl og Degi umhverfisins vilja leikskólabörn og kennarar í Tjarnarseli hvetja alla bæjarbúa til að „Gera hreint fyrir sínum dyrum“. Umhverfislíðar í Tjarnarseli ætla ekki að láta sitt eftir liggja og mæta þann 25. apríl og taka til hendinni á Tjarnargötutorginu og í Skrúðgarðinum. Börnin vilja endilega fá fleiri í lið með sér og bjóða bæjarbúum að leggja sitt af mörkum og mæta á fyrrnefnda staði kl. 10:00, þann dag.

Það er skemmst frá því að segja að mæting var góð og meðal annars komu foreldrar margra barna leikskólans og einn bekkur úr nærliggjandi grunnskóla, til að hjálpa til. Aðrir aldurshópar tóku þátt í verkefninu og tóku til hendinni á útileiksvæði leikskólans og í skógarlundi sem skólinn er með í fóstri.

Mat: Áhersla verkefnisins á útiveru og nám varðar viðmið um nálgun í námi og kennslu (1). Verkefnið fólst í því að hafa áhrif á bættu umhirðu í bæjarfélaginu og að fá bæjarbúa til að láta verkin tala með því að taka til hendinni og tína upp rusl sem tengist viðmiði um sýnilegar breytingar á skóla- og grenndarsamfélagi (2). Verkefnið fer inn á viðmið um lýðræðislega þátttöku (8) barna þar sem þau, með þátttöku sinni, höfðu

áhrif á umhverfi sitt. Jafnframt fellur það undir viðmið um jákvæðan skólabrag (11) og um samvinnu við grenndarsamfélagið (14) þar sem börn, kennarar og bæjarbúar taka höndum saman við að bæta umhverfi sitt. Ákvörðunin að bjóða bæjarbúum að taka þátt í verkefninu fer undir viðmið um framtíðarmöguleika (3) sem byggir á samvinnu og samstarfi. Með völdum áherslum, útinámi og víðtæku samstarfi við nærsamfélagið fellur þetta undir viðmið skólastefnu um menntun til sjálfbærrar þróunar (10).

Dæmi IV: *Varðliðar umhverfisins – Heimsókn til bæjarstjórans*

Í vettvangsferðunum um bæjarfélagið upplifa leikskólabörnin á Tjarnarseli breytingar, fylgjast með framkvæmdum, koma auga á slyshættur og ýmislegt sem þarfnast viðhalds í samfélaginu. Í einni vettvangsferðinni tóku börnin á elstu deildinni eftir því að stigahandriðið við útsýnispallinn við sjávarsíðuna þarfnaðist viðgerðar. Eftir umræður og vangaveltur var ákveðið að taka mynd, semja bréf og fá viðtalstíma hjá bæjarstjóranum. Í bréfinu stóð:

Sæll kæri bæjarstjóri Árni!

Við þurfum að laga útsýnispallinn. Hann er brotinn. Maður getur dottið á steinanna og sjóinn. Maður getur dottið á hausinn og meitt og deyið og kannski koma hákarl og kolkrabbi. Getur þú beðið vinnumennina þína að laga útsýnispallinn okkar.

Kveðja Sunnuvallasnillingar í Tjarnarseli.

Mat: Í þessu verkefnið var unnið með vettvangsferðir, athugun og söfnun upplýsinga sem tengist viðmiði hvernig skólar nálgast nám og kennslu (1). Með ákvörðun um að koma upplýsingum um slyshættu í umhverfinu, til rétttra aðila höfðu börnin virk áhrif á framtíð svæðisins og líf annarra og tengist það viðmiði um framtíðarmöguleika (3). Hugkvæmni barnanna og lausnamiðuðum leiðum tengist viðmiði um gagnrýna hugsun og tungumál möguleikanna (5). Börnin tóku að sér verkefni, öfluðu upplýsinga og möguleika til aðgerða og ferlið tengist viðmiði um aðgerðamiðaða kennslu (7). Með þátttöku sinni í ákvörðunartöku, leita lausna og aðgerðum tengist þetta vel viðmiði um lýðræðislega þátttöku barna (8) og viðmiði um samvinnu við grenndarsamfélagið (14).

Dæmi V: *Fíflahunangsgerð með börnum.*

Næst elstu börnin í leikskólanum fóru einn góðviðrisdag í langa vettvangsferð. Þegar kom að því að tylla sér niður og snæða nestið sem þau höfðu meðferðis tóku þau eftir Fíflabreiðu sem glóði um allt túnið og ákveðið var að tína Fíflana og búa til hunang úr þeim. Þar sem aðeins blómin voru notuð í hunangsgerðina nýttu þau stönglanna í að útbúa sér hálsfestar. Þegar í leikskólann var komið voru Fíflablómin skoluð með vatni og lögð í bleyti í tvær klukkustundir. Þessi vinna fór fram á útileiksvæði leikskólans. Börnin fengu pott og hitahellu lánað hjá matráðunum. Síðan var allt sett í pottinn og soðið upp af Fíflunum, látið standa yfir nótt og næsta morgun var vökvinn sigtaður frá í viskustykki. Maukið ásamt sykri, sítrónu og hunangi fór í pottinn, til suðu. Eftir kælingu var Fíflahunangið tilbúið til að fara í litlar krukkur. Hvert barn fór með hunang með sér heim. Einnig fengu allir í leikskólanum að smakka á dísætu hunangi.

Mat: Verkefnið er dæmi um hvernig leikskólinn nálgast nám og kennslu (1) með samvinnu og reynslu. Í verkefninu var rætt við börnin um villt blóm í umhverfinu og hvernig væri hægt að nýta hvern hluta Fíflaplöntunnar. Þessi þáttur tengist vel aðferðamiðaðri kennslu (7). Náttúrufræðin er notuð til að hjálpa börnunum til að skilja hvernig hægt er að nýta afurðir úr náttúrunni sem tengist vel viðmiði um faglegt inntak (9).

Dæmi VI: Lögð var áhersla á að finna leiðir til að gefa börnum tækifæri að hafa áhrif á ákvarðanatöku í leikskólanum með samræðum og oft í framhaldi af því kosningum. Á tímabilinu var kosið um kaup á útileiktæki sem fór á útileiksvæðið þeirra. Einnig komu börnin að hugmyndavinnu og framkvæmdum við breytingar á útileiksvæði leikskólans.

Eftir að kennararnir fóru að bjóða börnum upp á kjósa um ýmis mál er þau farin að óska eftir því að fá að kjósa. Það sem þau hafa verið að kjósa um er t.d. lesefni fyrir sögustundir, þar sem annað hvort kennarinn eða börnin velja bækurnar sem eru í vali og við skipulagningu á hópastarfi, samverustundum. Vel er hægt að merkja skilning barnanna á hugtökunum sem tengjast kosningum sbr. neðangreind dæmi þar sem börnin eru farin að nota kosningahugtökin í samræðum sín á milli.

Í einni sögustund voru börnin búin að kjósa, telja atkvæði og þegar niðurstaðan var ljós sagði einn drengurinn í hópnum í stríðnistóni: „Lesum bókina sem ég var að kjósa”. Ein stúlkan í hópnum stoppar hann af með því að setja fram höndina og segir ákveðið: „Nei, merihlutinn ræður”

Mat: Þessi þáttur verkefnisins tengist viðmiði um aðgerðamiðaða kennslu (7) og hvernig skólar nálgast nám og kennslu (1) þar sem börnin tóku beinan þátt í ákvörðunartöku í leikskólanum. Börnin voru hvött til að hlusta á mörg sjónarmið og þannig tengist verkefnið viðmiði um gagnrýna hugsun og tungumál möguleikanna (5). Einnig tengdist þessi þáttur verkefnisins viðmiði um lýðræðislega þátttöku barna (8). Loks tengist þessi hluti verkefnisins skólabrag (11) þar sem þátttaka og tillögur og barnanna er virktar.

Niðurstöður sína að markmið þróunarverkefnisins hafa náðst sbr. aukinn skilningur á hugtökunum lýðræði og sjálfbærni og þátttaka barnanna við ákvarðanatöku í ýmsum málum í leikskólanum. Starfsmannhópurinn fékk góðan tíma til að ræða sig niður á sameiginlegan skilning og til að meta hvar við værum að standa okkur vel og hvar við gætum bætt okkur. Einnig tók hópurinn sér góðan tíma til að ígrunda og finna leiðir sem byggja á fjölbreyttum náms- og kennsluáferðum með lýðræði og sjálfbærni að leiðarljósi. Margt hefur áunnist á þessum tíma sem þróunarverkefnið hefur staðið yfir og haldið verður áfram að leggja áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræði og sjálfbærni.

Staða verkefnis

Vel er hægt að merkja breytingar á starfsháttum leikskólakennara og annars starfsfólks sem leitast við að skipuleggja starfshætti með lýðræði að leiðarljósi. Meiri áhersla er á lýðræðisleg vinnubrögð áður en þróunarverkefnið hófst. Börnin fá fleiri tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanatöku í leikskólanum, með samræðum og oft í framhaldi af því kosningum. Börnin er hvött til að hlusta á skoðanir annarra og til að láta skoðanir sínar í ljós. Einnig er lögð áhersla að finna skoðunum þeirra farveg innan sem utan leikskólans hér að neðan er frásögn frá einu slíku verkefni .

Sumarið 2012 fóru elstu börnin í vettvangsferð og heimsóttu leikskóla í öðru hverfi. Lóðin þar heillaði börnin, þar var

skemmtilegur sandkassi og stórir steinar til að klifra upp á. Þegar börnin snéru aftur úr ferðinni spjölluðu þau heilmikið um leiksvæðið. Þau ræddu málin við leikskólastjóra og lögðu sérstaklega áherslu á að þau vildu láta breyta sandkassanum í Tjarnarseli. Hann tók vel í hugmyndina og sótti um aukafjárveitingu til að ráðast í breytingar.

Verkefnið varð stærra og meira en efni stóðu til og fékk heitið *Áskorun og ævintýri:Útinám og fjölnotagarður* og allt útileiksvæðið fékk andlitslyftingu. Innleiddar voru starfsaðferðir sem byggja á grunnþáttum menntunar og lögð áhersla á að nota sem mest endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið með sjálfbærni að leiðarljósi. Þróunarverkefnið var unnið í samvinnu við leikskólabörnin , kennara, foreldra, fræðslu- og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar og fyrirtækið SAGE garden (Leikskólinn Tjarnarsel, e.d.).

Annað sem kom fram

Áætlanir, glærur og annað efni má nálgast á vefslóðinni <http://www.tjarnarsel.is/Leikskolinn/THrounarverkefni/> og á facebooksíðu leikskólans Leikskólinn Tjarnarsel. Það er fyrirséð að umræður um lýðræði í leikskólanum eiga eftir að þróast og vera viðfangsefni næstu skólaárin.

Rekstrarskýrsla:

Styrkurinn úr Sprotasjóði var nýttur í eftirfarandi útgjöld:

Kostnaðarliður:**Gjöld****Tekjur**

Samantekt og úrvinnsla í umsjón stýrihóps og verkefnastjóra = 8 kennarar	255 (ca. 32.000 pr. mann)	
Akstur - fyrirlestrar og heimsóknir í leikskóla á Stór-Reykjavíksvæðinu	125.000	
Hönnun og prentun á þemahefti en í vinnslu	0 (áætlaður ks. 125.000)	
Sprotastjóður		600.000

Heimildir:

Breiting, S, Mayer, M., og Mogensen, F. (2010). *Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbarrar þróunar: Leiðarvísir um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærrar þróunar*. (Stefán Bergmann þýddi) Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. (Upphaflega gefið út 2005).

Cornell, J. (1989). *Sharing the joy of Nature*. Kanada. Dawn Publications.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1933)

Inga María Ingvarsdóttir. (2013). Sjálfbærni menntun í leikskóla. *Uppeldi og menntun*, 22(2)125-130.

Leikskólinn Tjarnarsel, (e.d). Þróunarverkefni. Sótt af <http://www.tjarnarselis/Leikskólinn/THrounarverkefni/>

Vísindavefur. (2011). Hvað er lýðræði. Sótt 22. janúar af 2011 <http://www.vísindavefur.hi.is> .

Dagsetning: 28. febrúar 2014

Inga María Ingvarsdóttir, leikskólastjóri Tjarnarsels